

Rammaáætlun
Umsögn um tillögu til þingsályktunar áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða.

1. Ég fagna því að Þjórsárver skuli vera í verndarflokki og þar með sé Norðlingaölduveita úr sögunni. Sú ákvörðun er og verður Íslendingum til sóma.

2. Ég fagna því að virkjanir í neðri hluta Þjórsár fari í biðflokk.

Almenningi var gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillögur verkefnisstjórnar s.l. haust en hún hafði sett umræddar virkjanir í nýtingarflokk. Við það voru gerðar miklar athugaasemdir og samkv. þingsályktunartillögunni virðist hafa verið tekið tillit til þessara athugasemda þar sem virkjanir eru nú komnar í biðflokk. Það er gleðiefni, að loksins í öllu þessu ferli, skuli vera hlustað á raddir almennings, þeirra sem bera lífríki Þjórsár og umhverfisins fyrir brjósti. Í upplýstu þjóðfélagi getum við ekki annað en látið náttúruna njóta vafans, lífríki Þjórsár þarf að rannsaka enn betur.

Árdís Jónsdóttir Eystra-Geldingaholti Árnassýslu
Kt. 2710553079